

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Rafrænn fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 7. desember 2021.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Bjarni Ingimarsson og Magnús Smári Smáráson.

Fulltrúar SNS voru: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Bókun 3 [2020] 14. kafli um hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn

Samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er sammála um að eftirfarandi gildi frá 1. janúar 2022 þegar 14. kafli kjarasamnings aðila fellur úr gildi. Samstarfsnefndin er enn með nokkur viðbótaratriði til umræðu og úrlausnar sem send verða út þegar niðurstaða liggur fyrir.

Einnig eru störf hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna nú í starfsmati hjá Verkefnastofu starfsmats. Niðurstöðu er að vænta fyrir áramót og verður send út um leið og hún liggur fyrir.

Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er „Bókun 3 [2020] 14. kafli um hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn“. Samkvæmt bókuninni fellur 14. kafllinn úr kjarasamningi aðila frá og með 1. janúar 2022 án frekari uppsagnar. Frá því að bókun 3 [2020] var gerð hefur farið fram endurskoðun á reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 og náðst niðurstaða í þá vinnu. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 747/2018 var gefin út af ráðuneytinu þann 15. nóvember 2021, sjá:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=6661f9f5-f90b-464e-a8aa-37c1d40059c5>

Samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna eru sammála um að frá 1. janúar 2022 gildi eftirfarandi:

Þeir sem nú bera starfsheitin hlutastarfandi slökkviliðsmaður og hlutastarfandi sjúkraflutningamaður skulu ráðnir í tímavinnu eða starfshlutfall án vinnu og viðveruskyldu en eru tilbúnir að svara útkalli sé það þeim mögulegt. Ekki er um bakvakt að ræða í skilningi gr. 2.5 í kjarasamningi aðila. Yfirvinnukaup er greitt fyrir útköll og æfingar.

Einnig er heimilt að ráð hlutastarfandi slökkviliðsmenn og hlutastarfandi sjúkraflutningamenn til að standa skipulagðar bakvaktir í skilningi gr. 2.5 í kjarasamningi aðila.

Launasetning starfsmanna sem tóku laun samkvæmt 14. kafla helst óbreytt og verður sem hér segir þar til starfsmat þessara starfa hefur farið fram:

Slökkvilið

- **Hlutastarfandi slökkviliðsnemi**
Fyrir æfingar og útköll skal greiða yfirvinnukaup samkvæmt lfl. 121.
- **Hlutastarfandi slökkviliðsmaður**, sem lokið hefur grunnnámi slökkviliðsmanns.
Fyrir æfingar og útköll skal greiða yfirvinnukaup samkvæmt lfl. 131.
- **Millistjórnendur slökkviliða / varðstjórar slökkviliða** raðast í lfl. 143.

Sjúkraflutningar

- **Hlutastarfandi sjúkraflutningamaður**, sem lokið hefur grunnnámi sjúkraflutningamanna.
Fyrir æfingar og útköll skal greiða yfirvinnukaup samkvæmt lfl. 131.
- **Hlutastarfandi sjúkraflutningamaður**, sem lokið hefur EMT-I námi.
Fyrir æfingar og útköll skal greiða yfirvinnukaup samkvæmt lfl. 142.

Um réttindi og skyldur hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna fer að öðru leyti samkvæmt kjarasamningi aðila.

Persónuuppbætur. Um greiðslu persónuuppbóta gilda ákvæði gr. 1.7 í kjarasamningi aðila. Sú grein gildir einnig um tímavinnufólk og miðast óskert fjárhæð við 1.504 unnar dagvinnustundir. Aldrei er greitt meira en full persónuuppbót af sama vinnuveitanda fyrir fullt starfsár.

Reykköfunarálag. Sérstakt þrekálag skal greitt þeim sem standast þrekpróf, skv. kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna við Samband Íslenskra Sveitarfélaga (SNS). Prekpróf 2 er fyrir starfsmenn sem þurfa að vera reiðubúnir til að stunda reykköfun og sjúkraflutninga. Frá 1. janúar 2022 er greitt mánaðarlega 18.094 kr. sem hafa slík réttindi.

Akstur. Aðilar fá greitt km gjald til að komast í forgangsútkall eða er séð fyrir akstri. Ekki er sérstaklega greitt fyrir akstur á æfingar í heimabyggð.

Fleira var ekki gert. Næsti fundur samstarfsnefndar verður 17. desember 2021